

Vegagerðin  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 1. desember 2017  
Tilv.: UMH17080097/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis Vegagerðarinnar frá 16. júní sl. sem framsent var ráðuneytinu með tölvupósti Umhverfisstofnunar 31. ágúst sl. Í erindinu óskar Vegagerðin eftir tímabundinni undanþágu frá ákvæði 2.2. gr. starfsleyfis bikbirgðastöðvar Vegagerðarinnar við Óseyri 2 á Reyðarfirði sem gefið var út 19. mars 2015 og 2.2. gr. starfsleyfis bikbirgðastöðvar Vegagerðarinnar við Mávagarð á lóð G í Ísafjarðarbæ sem gefið var út 19. mars 2015 sem fjalla um frágang áfyllingarplana fyrir bíla sem koma að biktanki.

Í erindinu kemur fram að Umhverfisstofnun hafi gert athugasemd við að áfyllingarplan á bikbirgðastöðvum Vegagerðarinnar á Reyðarfirði og Ísafjarðarbæ sé ekki olíuhelt og niðurfall ekki tengt olíuskilju. Vegagerðin bendi á að bik hafi allt aðra eiginleika en rokgjörn olía eða bensín. Ef bik kólni niður undir 100°C hætti það að renna sem vökvi og breytist í seiga eðju sem renni mjög takmarkað. Nái bikeðjan á annað borð að renna í niðurfallskerfi eða olíuskiljur storkni hún fljótlega og eyðileggi bæði lagnir og olíuskiljur. Farsælast sé fyrir umhverfið að svæði, sem bik geti runnið á, verði afmarkað með fyrirstöðu, svo sem þró, og bikið látið storkna á malarkenndum jarðvegi, eins og grúsmöl eða þunnri bikklæðingu, sem hægt væri að moka upp þegar bikið hafi kólnað niður fyrir hætumörk og fjarlægja það þá. Stefnt sé á að klæða afgreiðslusvæðið með þunnri bikklæðingu samþykki Umhverfisstofnun þá lausn. Vegagerðin muni í framhaldi óska eftir endurskoðun og breytingum á starfsleyfi varðandi frágang plana.

Samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar 8. september sl. með afriti á Heilbrigðisnefnd Vestfjarða og Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 20. nóvember sl. kemur fram að undir skilgreiningu á orðinu *olía* í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi falli *jarðbik* (asfalt) og því sé jarðbik olía. Birgðastöðvar fyrir bik falli því undir starfsleyfisskyldu olíubirgðastöðva. Þegar um sé að ræða kröfu í starfsleyfi olíubirgðastöðva sem mæli fyrir um olíuheld áfyllingarplön með niðurfalli á lægsta punkti sem tengt skuli olíuskilju, geti stofnunin fallist á að sú krafa sem gerð sé til bikstöðva í starfsleyfum rekstraraðila sé ekki rökbundin nauðsyn í öllum tilvikum hvað varði mengunarvarnir. Þegar um sé að ræða bikstöðvar sem eingöngu geymi bik, sem hafi aðra eiginleika en hefðbundin olía, þá hafi bikið annan fasa en hefðbundin olía. Leki bikið úr geymi og kólni undir um 100°C breytist það í seiga eðju sem renni mjög takmarkað. Olíuskiljan skemmist og virki þá eins og einnota söfnunarþró. Vegagerðin hafi ekki sótt um breytingu á starfsleyfum sínum hvað varði bikstöðvar á Ísafirði og Reyðarfirði en boði að það verði gert.

Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við að umbeðnar undanþágur verði veittar að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þá býst Umhverfisstofnun einnig við að Vegagerðin muni í framhaldi óska eftir endurskoðun á viðkomandi starfsleyfum.


Í ljósi framangreinds og þess að Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að rekstraraðili fái umrædda undanþágu fellst ráðuneytið á að veita Vegagerðinni tímabundna undanþágu frá grein 2.2. í starfsleyfi bikbirgðastöðvar Vegagerðarinnar við Óseyri 2 á Reyðarfirði og frá grein 2.2. í starfsleyfi bikbirgðastöðvar Vegagerðarinnar við Mávagarð á lóð G í Ísafjarðarbæ. Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Tryggja skal að aðrar mengunarvarnir séu til staðar sem eru til þess fallnar að ná markmiðum sínum, þ.e. að svæði áfyllingarplana verði afmarkað með fyrirstöðu, svo sem þró, þar sem bikið getur storknað ef það lekur út.
2. Rekstraraðili skal fjarlægja bikið þegar það hefur kólnað og koma því í viðurkennda móttökustöð? úrgangs.
3. Þann tíma sem undanþágan gildir skal rekstraraðili gera undirbúningsráðstafanir til að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði starfsleyfis, m.a. koma tímanlega fram með fullnægjandi umsókn um breytingu á starfsleyfum rekstraraðila að teknu tilliti til þeirrar málsmeðferðar sem slíkar breytingar hafa í för með sér ætli rekstraraðili að óska um breytingar á þeim starfsleyfum sem eru hér til umfjöllunar.

Undanþága þessi gildir til 1. janúar 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir

  
Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:

Umhverfisstofnun

Heilbrigðisnefnd\_Vestfjarða

Heilbrigðisnefnd Austurlands